

## Krabbamein í barkakýli

*Krabbamein í barkakýli er tæplega 1% allra krabbameina og er mun algengara hjá körlum en konum. Meinið er algengast hjá eldra fólki og mjög fáir greinast fyrir fertugt. Á árunum 2002-2006 var aldursstaðlað nýgengi hér á landi 2,2 af*

*100.000 hjá körlum og 0,6 af 100.000 hjá konum. Reykingar eru mikilvægasti þekkti áhættuþáttur krabbameins í barkakýli. Æxlin eru aðallega meðhöndluð með skurðaðgerð og geislun. Eftir aðgerð getur sjúklingurinn þurft að læra að tala að nýju og á annan hátt.*

Barkakýlið (larynx) er framan á hálsinum og tengir efri hluta barkans við munn- og nefhol. Barkakýlið er gert úr fimm brjóskhlutum sem haldast saman af liðböndum, og vöðvum. Skjaldbrjóskið, svonefnt adamsepli, er stærst og getur – sérstaklega hjá körlum – orðið áþreifanlegt og sýnilegt framan á hálsinum. Barkakýlið er mikilvægt fyrir öndun, tal og söng. Einnig gegnir það hlutverki þegar fólk nærast. Þegar við kyngjum lokast barkakýlislokið þannig að hvorki matur né drykkur fer ranga leið, þ.e.a.s. í barkann í stað vélindans. Inni í barkakýlinu eru raddböndin. Þegar við öndum eðlilega, án þess að tala, eru raddböndin slök þannig að loftið getur farið léttilega milli barka og munn- og nefhols. En þegar við tölum eða syngjum strekkist á raddböndunum og þau titra þannig að hljóð myndast.

Raddböndin virka líkt og strengir; því meira sem strekkist á þeim, þeim mun skrækara verður hljóðið. Tungan, gómurinn og varinar ummynda síðan hljóðin í orð. Hjá körlum eru titrandi hlutar raddbandanna 1,3-1,9 cm langir en 1,0-1,4 cm hjá konum.

Krabbamein í barkakýli á fyrst og fremst upptök sín í yfirborðsþekju barkans og tengist gjarnan forstigsbreytingum sem sjást í flöguþekjuslímhúð. Algengust eru æxli sem eiga upp-

runa sinn í sjálfum raddböndunum eða 60-75%. Næstalgengust eru æxli fyrir ofan raddböndin, en krabbamein í neðri hluta barkakýlisins er mjög sjaldgæft. Langflest krabbamein í barkakýli eru af flöguþekjugerð, en kirtilmyndandi æxli koma einnig fyrir og eru talin vera upprunnin í kirtlum í barkakýlinu. Meðalaldur sjúklinga við greiningu æxla í barkakýli er um 64 ár.

### Orsakir og áhættuþættir

Þó orsakir krabbameins í barkakýli og þar með raddböndunum séu ekki skilgreindar til hlítar þá er ljóst að umhverfisáhrif eru mikilvægur þáttur, sérstaklega reykingar og vel flest tilvikin koma fyrir hjá fólki sem reykir eða hefur reykt. Áfengisnotkun eykur líkur á að fá þessi æxli og áfengi og tóbak magna áhrif hvors annars. Einnig eru aðrir þættir sem erla slímhimnu barkakýlisins taldir mikilvægir, t.d. sýkingar, mögulega veirusýkingar. Aðrir hugsanlegir orsakaþættir eru asbestmengun og jónandi geislun.


### Landfræðilegur munur

Krabbamein í barkakýli og þar með talið raddböndum er hlutfallslega algengt meðal karlmannna í Íran, Brasilíu, Spáni og Frakklandi. Á Norðurlöndum er sjúkdómurinn tíðastur í Danmörku en nýgengi er svipað hjá öllum hinum Norðurlandabjóðunum. Áður fyrr var nýgengi mjög hátt í Finnlandi en það hefur lækkað stöðugt síðan 1970, eins og nýgengi annarra krabbameina sem tengjast reykingum vegna þess að dregið hefur úr reykingum.


### Einkenni

Megineinkenni krabbameins í barkakýli er hæsi. Sá sem er hás lengur en í þrjár vikur ætti að fara í læknisrannsókn. Jafnvel lítið æxli á raddbandi getur valdið hæsi eða gert það að verkum að röddin breytist á annan hátt.

Árlegt aldursstaðlað nýgengi



Árleg aldursstöðluð dánartíðni



# Krabbamein á Íslandi - Upplýsingar úr Krabbameinsskrá fyrir tímabilið 1957-2006\*

Stundum valda krabbamein í barkakýli erfiðleikum við að kyngja eða tilfinningu um að kökkur sé í hálsinum. Sársauki getur einnig verið til staðar, en það er sjaldgæft einkenni þessara æxla.

## Greining

Æxli í barkakýli greinast oft fljótt vegna legu þeirra, því mjög lítil æxli eða bólgur á raddböndum geta haft áhrif á rödd og valdið hæsi. Við grun um krabbamein getur læknir með hjálp barkaspeglunartækis, rannsakað barkakýlið og raddböndin. Þá er unnt að taka vefjasýni frá slímhúð eða meinsemd og rannsaka hvort um krabbamein er að ræða og þá hvers konar mein. Til að skoða virkni raddbandanna nákvæmlega er svokölluð raddbandaspeglun notuð. Aðferðin felur m.a. í sér að hreyfingar raddbandanna eru rannsakaðar með hjálp hraðra ljósleiftra. Vissar rannsóknir á krabbameini í barkakýli og raddböndum þarf að framkvæma í svæfingu.

## Meðferð

Meðferðin er mjög háð því á hvaða stigi æxlið er þegar það uppgötvast. Við lítil og afmörkuð æxli er venjulega beitt geisla meðferð, stundum í tengslum við minni aðgerð sem gerð er með leysistækni. Þegar um stærri æxli er að ræða þarf að fjarlægja allt barkakýlið með skurðaðgerð (laryngectomy). Stundum eru líka gefin krabbameinslyf og/eda geislameðferð beitt í þeim tilgangi að draga úr fyrirferð meinsins eða lina þjáningar, sérstaklega þegar æxlið hefur dreift sér og myndað fjarmeinvörp.

Í þeim tilfellum þar sem nauðsynlegt er að fjarlægja barkakýlið með skurðaðgerð missir sjúklingur getuna til að tala og þarf að læra að tala á nýjan hátt. Það er nú orðið hægt með mörgum mismunandi aðferðum. Algengast er að með aðgerð sé settur inn ventill eða loftloka til að tengja barkann við vélindað. Talið kemur með því að slímhimna vélindans fer að titra þegar sjúklingur þrýstir fingri á op hálsins og loft þrýstist inn í vélindað, svokallað vélindatal. Svipað er einnig unnt að fá fram án slíks ventils með því að sjúklingurinn lærir að draga niður loft í vélindað og síðan að draga það upp aftur. Önn-

ur aðferð er að nota svonefndan raddtítrara sem þrýstir undir hökuna og sendir inn titring í munninn og með hjálp tungunnar, gómsins og varanna er hægt að mynda hljóð.


## Horfur

Horfur sjúklinga með krabbamein í barkakýli og þar með í raddböndunum hafa batnað á undanföllum áratugum. Í heild deyr nærfellt þriðjungur sjúklinga úr sjúkdómnum. Horfur eru bestar ef æxlið er upprunnið á raddböndunum sjálfum. Ef æxlin eru upprunnin ofan raddbanda hafa þau gjarnan dreift sér til nærliggjandi eitla áður en einkenna verður vart og sjúklingur leitar læknis.


Yfirlit (2002-2006)

	Karlar	Konur
Meðalfjöldi tilfella á ári	5	1
Hlutfall af öllum meinum	0,7%	0,2%
Meðalaldur við greiningu	71 ár	58 ár
Fjöldi á lífi 31.12.2006	52	11

Aldursbundið nýgengi



Fimm ára hlutfallsleg lifun



\* Úr bókinni: Krabbamein á Íslandi - Upplýsingar úr Krabbameinsskrá fyrir tímabilið 1957-2006. Jón Gunnlaugur Jónsson og Laufey Tryggvadóttir (ritstjórar). Krabbameinsfélagið, Reykjavík 2008